

60. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2012, kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki. Sveitarstjóri óskaði eftir því að bæta inn í fundinn lið 21: Skipun í fræðslunefnd. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 7. júní 2012**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 26. júní 2012**
Lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 12. júlí 2012**
Lögð fram til kynningar.
4. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 19. júlí 2012**
Lögð fram til kynningar.
5. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 26. júlí 2012**
Lögð fram til kynningar.
6. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 26. júní 2012**
Liður 4: Ráðningarmál
Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjórn tekur undir bókun fræðslunefndar í lið 5, Þakkarorð til fráfarandi skólastjóra, og þakkar Arnfríði Aðalsteinsdóttir fyrir vel unnin störf sl. tvö ár.
Samþykkt samhljóða.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
7. **Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. júlí**
Liður 1: Umsókn um byggingarleyfi.
Samþykkt samhljóða.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
8. **Fundargerð hafnarnefndar, dags. 18. júlí 2012**
Samþykkt samhljóða.
9. **Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. ágúst 2012**
Samþykkt samhljóða.

10. **Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 30. júlí 2012**
Í fundargerðinni er einn liður: Sala á Vesturvegi 10a
Samþykkt samhljóða.
Fundargerðin samþykkt samhljóða
11. **Bréf frá Vímuvarnarráði, dags. 8. júlí 2012**
Lögð fram, sjá bókun undir lið 12.
12. **Fundargerð íþróttá- og tómsbundanefndar, dags. 10. júlí 2012**
Sveitarstjóra falið að gera drög að reglum um útleigu á samkomuhúsum á vegum Langanesbyggðar og gera það fyrir 1. nóvember 2012.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
13. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 20. júní 2012**
Lögð fram til kynningar.
14. **Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. júní 2012**
Lögð fram til kynningar.
15. **Fundargerð Menningarráðs Eypings, dags. 22. júní 2012**
Lögð fram til kynningar.
16. **Bréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 15. júní 2012**
Lagt fram.
17. **Minnisblað, dags. 18. júlí 2012**
Minnisblaðið frá Guðjóni Bragasyni og Lúðvík Gústafssyni um drög að landsáætlun um úrgang. Lagt fram.
18. **Bréf vegna tónleika, dags. 1. júní 2012**
Í tölvupósti dagsi 15 ágúst sl. afturkallar bréfitari, Guðmundur Vilhjálmsson, erindi sitt um tónleikahald í íþróttahúsinu. Nokkur umræða fór fram um hvort leyfa ætti almennt tónleika- og skemmtanahald í íþróttahúsinu.
19. **Bréf frá Sýslumanninum á Húsavík, dags. 24. júlí 2012**
Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna umsóknar gististaðarins Jórvíkur. Sótt er um rekstarleyfi í flokki V.
Sveitarstjórn getur ekki mælt með leyfi í flokki V og vitnar í reglugerð nr. 585/2007 sem samkv. henni telst gististaðurinn gistiskáli og ætti þá að fara í flokk II. Á þeim forsendum mælir sveitarstjórn með umsókninni þó með þeim fyrirvara að heitið Hótel Jórvík verði tekið út af öllum þeim stöðum þar sem það er skráð sem slíkt, svo sem í símaskrá, á netinu, kynningarbæklingum o.s.frv. en í staðinn verði það skráð sem gistiskálinn Jórvík.
Samþykkt samhljóða.
20. **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 24. júlí 2012**

Sveitarstjóri upplýsti að hann sótti um 12. millj. króna í styrkvegasjóð en einungis fengið úthlutað 3 millj. kr. Til að fjármagnið nýtist sem best, leggur sveitarstjóri til að þeir fari í áframhaldandi vinnu sem byrjað var á í fyrra, þ.e. að ganga frá þeim hólkum sem keyptir voru fyrir Miðfjarðarheiði, ganga frá veg við Djúpavatn og haldið verði áfram að vinna í veginum að Grímúlfstungu. Framkvæmdar þessar eru í samráði við umsónamenn vega enda veðurfar verulega gott um þessar mundir og hagstætt til umræddra framkvæmda.
Samþykkt samhljóða.

21. Skipun í Fræðslunefnd.

Í ljósi þess að Helgi Mar Árnason er fluttur úr sveitarfélaginu og þar með hættur sem varaformaður í fræðslunefnd Langanesbyggðar samþykkir sveitarstjórn að Sigríður Jóhannesdóttir verði skipuð í fræðslunefnd sem varaformaður í hans stað.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:23